

**Ed.**

**143. Frumvarp til laga**

[138. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1976, um löggilta endurskoðendur.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

2. másl. 1. mgr. 3. gr. laganna falli burt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Í 2. másl. 1. mgr. 3. gr. gildandi laga um löggilta endurskoðendur er að finna svofellt ákvæði: „Engum er heimilt að endurtaka próf þetta nema einu sinni.“ Þau sjónarmið, sem stóðu að baki þessa ákvæðis, voru þau að það skapi visst aðhald að takmarka hve oft hver einstaklingur geti endurtekið prófið. Hins vegar hefur reynslan sýnt að erfitt er að standast þessi próf og hefur komið fyrir að menn hafi fallið tvisvar og þar með verið útilokaðir frá því að öðlast löggildingu til endurskoðunar. Því hefur og verið haldið fram að í þessu ákvæði felist í raun sú ályktun að sá prófmaður, sem hefur fallið tvisvar, geti ekki bætt kunnáttu sína. Í 46. gr. reglugerðar nr. 78/1979 fyrir Háskóla Íslands kemur fram að prófmanni er heimilt að þreyta próf tvisvar. Auk þess segir í greininni að þó svo að prófmaður falli í bæði skiptin á prófinu geti háskóladeild veitt undanþágu frá ákvæðum þessum ef sérstaklega standi á. Sjá má af þessu að ákvæði laga nr. 67/1976, um löggilta endurskoðendur, eru strangari í garð prófmanna en þau sem gilda um próftöku við Háskóla Íslands. Af þessum sökum er með frumvarpi þessu lagt til að umrætt ákvæði verði fellt niður þannig að framvegis skipti ekki máli hvort prófmaður hafi áður fallið á sambærilegu prófi.